

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í fundarsal að Sunnumörk 2, fimmtudaginn 27. febrúar 2014, kl. 17:00.

Mætt voru: Eyþór H. Ólafsson, Elínborg Ólafsdóttir, Hafþór Vilberg Björnsson, Heimir Eyvindarson og Guðríður Aadnegard. Hjördís Harpa Guðlaugsdóttir boðaði forföll. Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Stefnunörkun í íþróttá og menningarmálum.
2. Aðsóknartölur liðins árs í íþróttamannvirkjum.
3. Menningarverkefni 2014 – umsókn um styrki til Menningarráðs Suðurlands.
4. Leynardómar Suðurlands.

1. Stefnunörkun í íþróttá- og menningarmálum

Farið yfir drög að punktum um menningar- og íþróttastefnu. Ákveðið að vinna áfram með drögin fram að næsta fundi.

2. Aðsóknartölur liðins árs í íþróttamannvirkjum

Menningar- og frístundafulltrúi fór yfir aðsóknartölur og tekjur íþróttamannvirkja.

3. Menningarverkefni 2014 – umsókn um styrki til Menningarráðs Suðurlands

Menningar- og frístundafulltrúi kynnti þau verkefni sem fóru í umsóknarferli til Menningarráðs Suðurlands.

4. Leynardómar Suðurlands

Framundan er umfangsmikið kynningarátak á Suðurlandi þar sem ferðaþjónustufyrirtækjum, matvælaframleiðendum, félögum, fyrirtækjum, stofnunum, einstaklingum og öllum öðrum áhugasömum er boðið að taka þátt. Átakið kallast „Leynardómar Suðurlands“ og mun standa yfir frá miðvikudeginum 28. mars til sunnudagsins 6. apríl nk. Það eru Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og Markaðsstofa Suðurlands sem standa fyrir verkefninu. Nefndarmenn ræddu möguleg verkefni sem myndu kynna Hveragerðisbæ sem best og mögulega samstarfsaðila. Menningar- og frístundafulltrúa falið að vinna áfram að undirbúningi.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:50

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Hafþór Vilberg Björnsson, (sign)

Heimir Eyvindarson, (sign)

Elínborg Ólafsdóttir, (sign)

Guðríður Aadnegard, (sign)

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign)